

Hverfisráð Hríseyjar

6. fundur

Ár 2007, mánudaginn 12.mars kl. 16:00 var sjötti fundur Hverfisráðs Hríseyjar haldinn í Hlein

Mætt voru: Kristinn Fr. Árnason, Drífa Þórarinsdóttir, Linda María Ásgeirsdóttir, Theódóra Kristjánsdóttir og Ingimar Ragnarsson

Einnig voru mættir Helgi Már Pálsson og Jón Birgir Gunnlaugsson frá framkvæmdadeild Akureyrarbæjar

Formaður setti fundinn og bauð Helga og Jón Birgi velkomna á fund í Hrísey

Dagskrá:

1. Áður en fundur hófst fór Kristinn í gönguferð með þeim Helga og Jóni Staða í sorpmálum eyjarinnar rædd, hvernig sé best að setja upp sorpstöðvar, hvar og hversu stórar, talað er um 4 stöðvar, hversu mikil þörf er á svo mörgum stöðvum o.s.frv.
“Formanni og varaformanni falið að rita bréf til framkvæmdadeildar um sorpmál, sorphreinsigjald og poka undir lífrænan úrgang”
Um gengni um gömlu sorphaugana rædd. Þar sem þeir blasa við þegar gönguleiðin er farin er nauðsynlegt að taka þar til.
Bréf frá heimilsfólkinu að Austurvegi 12 sem tekin var fyrir á fundi 12. febr. var aftur tekið til umræðu.
“Ákveðið að senda beiðni um stiga niður í fjöru til framkvæmdadeildar, formanni og varaformanni falið að sjá um það”
Til eru forlata útskorin götuskipti sem enn hafa ekki verið sett upp, rætt um hvernig snytilegast væri að koma þeim upp.
“Samþ. að Kristinn og Theódóra tali við Bjarna hjá Hrísiðn um að hanna uppistöður”
2. **Innsend bréf**
 - 1.1. Bréf frá formanni Golfklúbbs Hríseyjar lagt fram til kynningar.
“Hverfisráð vill hvetja stjórn G.H. til þess að vera áfram í sambandi við G.A. með von um að sameining þessara félaga verði að veruleika”
 - 1.2. Bréf frá Samfélags og mannréttindaráði lagt fram til kynningar.
“Kristni falið að hafa samband við forstöðumann félagsmiðstöðva og athuga hver staðan sé, t.d. hvað varðar námskeið sem börnum á Akureyrir stendur til boða, hvort eitthvað slíkt sé í boði fyrir börn í Hrísey.
3. **Staðardagskrá 21**
Ákveðið að hafa vinnufund 26. mars. í Hlein kl. 16:15
Fastafund 16. apríl á sama stað og tíma
Stefnt er því að halda íbúafing þann 24.apríl kl 17:00

4. Önnur mál

Samþykkt að taka fyrir bréf frá Ómari Hlynssyni, um snjómokstur á göngustíg frá Norðurvegi niður á Ægisgötu.

“Hverfisráð tekur undir innihald bréfs frá Ómari um að göngustígur frá Norðurvegi niður á Ægisgötu sé eins greiðfær eins og hægt er.

Formanni falið að tala við áhaldahússtjóra Þorgeir Jónsson um úrbætur og lausn á þessu máli”

Guðrún kynnti samþykkt bæjarstjórnar frá 6.mars 2007 um varamenn í hverfisráði og boðun þeirra á fundi, einnig hvenær fulltrúi hverfisráðs hefur aðgengi að fundi umhverfisnefndar samkv. samþykkt nefndarinnar frá 19. okt. 2006, en það er 20. sept. n.k.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl.18:00

Kristinn Fr. Arnason

Drífa Þórarinsdóttir

Linda María Ásgeirsdóttir

Theódóra Kristjánsdóttir

K. Ingimar Ragnarsson

Fundargerð skráð í tölvu af
Guðrúnu Kristjánsdóttur

